

Aðalfundur BFB brjánslæg 14 apríl 2018

## 1 fundrasetning

Þorgrímur býður fólkið velkomið. Sagði frá mat og kaffi og dagskrá eftir fundinn

## 2 Skipun fundarstjóra og fundarritara.

Guðmundur J Guðmundsson Holtseli fundarstjóri og Sigrún Indriðadóttir Stórhól ritari

## 3 Ávörp gesta,

Hafdís og Hulda

Hafdís frá Húsavík á Ströndum. Kynna verkefni. (innskot af heimasíðunni rekjanleiki.is)

Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða, Beint frá Býli, Iceland fish export, Snerpu ehf, Húsavíkurbúsins og Gemlufallsbúsins.

Verkefnið fékk styrk frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða árið 2014 fyrir fyrstu skrefum verkefnisins.

Markmið verkefnisins er að hafa möguleika á því að rekja vöru er hægt að sýna fram á uppruna hennar og hvaða leið hún hefur farið í gegnum virðisreðjuna. Með þessari aðferð er hægt að velja sér kjöt eftir beitilandi og þá bragðgæðum kjöts, því sýnt hefur fram á að beitiland hefur áhrif á bragðgæðum lambakjöts.

Hönnuðu merki, með sýnum afurðum, Hafsís er í stjórn verkefnisins og notar þetta á sínar afurðir, QR kóði sem hægt er að skanna = > inn á heimasíðu, rekjanleiki.is.

Hægt að fara inn og finna bæina sem eru í þessu. Búið að gera fyrir 2 bæi Húsvík og Gemlufall. Þær langar að fá fleiri með í þetta verkefni. Fleiri á landinu hafa óksað eftir að vera með og taka þátt. Hafdís hefur starfað við gróðurkortagerð í mörg ár. Rekjanleikinn eykur gagnsæi og sölumöguleika á heimsvísu og nýtist til markaðssetningar á sinni heimasíðu og hvað þú velur að markðassetja þig út frá. Aukin krafa um að fólk sjái rekjanleikann. Vera í samstafri við við sláturhúsin, SKVH jákvæðir en SAH bað um kynningu en , KS svaraði ekki. Ákváðu að slá sláturhúsunum á frest og fara í BFB til að kynna og bjóða fóki að nota, en í framtíðinni að þetta verði í verslunum og flólk geti skannað vöruna í verslunum og séð hvaðan þetta er. Límmiðar sem eru límdir að hverja pakkningu Hulda getur etv hannað fyrir fólk og ráðlagt hvað sé gott að nota. Með þessarri aðferð býðst nákvæmari rekjanleki en hjá Fjallalambi

sem rekur til bóndans. Dæmi Halla markaðssetning, hvannabeitin, þarf að rannsaka betur hvaða áhrif það hefur á bragðgæðin hvernig það hefur áhrif á kjötið einnig ef þú átt flott beitarland að geta markaðsett það.

Spurnig? eru ekki til gróðurkort af svæðum sem búið að gera og hægt er að nýta, kostnaður, ekkert fyrir fyrstu 15 vestfinðinagana. Kortlagning, heimasíðuefni og fl. Sem kemur til gjalda.

4 Óli Þór Hilmarsson frá Matís

Veffræðsla frá Matís. Vefnámskeið nýlegt á markaði og samningur sýna. Örveru og efnamælingar. Best að hafa samban við Matís og fara yfir hlutina mað þeim til að vita hvað viðkomandi þarf og hvaða fyrirgreiðslur eða tilboð þeir geta boðið BFB félögum.

Geymslupól, næringargildismerking, vatnssýni og árangur þrifa.

Mæla vinnubrögðin í vinnslunni, þrif og annað sem hægt er að mæla í vinnslunni hafa þetta í gæðahnadbókinni og geta sýnt eftirlitsaðila. Má reikna út næringargildi, en þarf að mæla til að sjá á einhverjum tímamarki. Á mörkuðum eru oft ekki vel merktar vörur, t.d. óþolsefnin og fl.

Sumsstaðar er vatnssýni innifalið í heimsókn heilbr. eftirlitsins. Þrifaplan. Staðfesting þrifa. Staðfesta þrifin, hvernig var þrifið, sýnatæki agar... hver var árangurinn.

Ráðgjöf , við að lesa úr sýnum, hvað þýða þessar tölur. Ætla að skoðan hvernig þetta kemur út eftir árið og hvort þetta sé eitthvað til að halda áfram , ekki gróði fyrir Matís að gera svona samning. Afsláttur áf ráðgjöfinni en ekki öðru. (Hér er verið að tala um afsláttarsamninginn sem BFB og Matís gerðu með sér.)

Vefnámskeið og fræðslu efni. Matís onlinle. Byrjaði f 4 árum.., útbúa efni f smá framleiðendur t.d. bfb, reykning og fl. Námsefnið sett í vefumsjón. Efnið prófað á nemendum í landbúnaðar- og landbúnaðarháskólanum. Þurfum ekki próf eða þekknigu til að reka matarvinnslu eða framleiða matvæli, í öðrum löndum þarf svona réttindi. Efni í 7 köflum Matis online hægt að sjá þar hvað kaflarnir heita. Þarf að klára og taka próf til að geta hafið áfram og tekið næsta verkefni. Ekki ókeypis en kostar um 120 þús allt , en félag sauðfjábænda ætlar að bjóða styrk til sinna félagsmanna um 60 þús. og Matís gefur líka afslátt, skrá sig á vefnámskeið, kóði fyrir 3 mism tæki síma, spjaldrölu og tölu t.d.

Ekkert verklegt nám í matis.online. Skoðuðum kaflann um slárun og kjötvinnslu.

Tekið af heimsíðu Matís.

Fræðsla á netinu - [matis.online/](https://matis.online/) Heimavinnsla kindakjöts. Allur pakinn Sjö afmörkuð **námskeið**: Örverur í kjöti Slátrun og kjötmat Sögun, úrbeining og marinerung Söltun og reyking Hráverkun og pylsugerð Umbúðamerkingar matvæla og þökkun Leyfismál, gæðahandbók, innra eftirlit og stofnun fyrirtækja Kennsla við LBHÍ Búvísindadeild - Gæði og vinnsla búfjárafurða Bændadeild – Heimavinnsla Til að tryggja [/matis/frettir/toluverd-umfjollun-um-stodu-islenskra-baenda](https://matis/frettir/toluverd-umfjollun-um-stodu-islenskra-baenda)

Óli sýndi okkur bækinga og hvað netið getur geymt mikið. Hægt að kaupa námskeiðið í heild eða einstaka kafla. Hægt að vista þetta efni ef þú kaupir, en samt ekki opið í ótakmarkaðnn tíma , til að efnið uppfærist, eða sé hægt að uppfæra það. Flakkað aðeinsum þetta umhverfi, mjög fróðlegt.

Hangikjöt þurrverkað , o.m.fl. verkferlar. Hellingur af myndböndum og fróðleik við úrvinnslu kjöts og fleira. Allt ferlið frá slátrun og inn á markaðinn er á við 6 framhaldssókaeinignar, 1-2 vikur í námi. Leyfismál, gæðahandbók, innra eftirlit og stofnum fyrirtækja, búið að selja sér í ár. Vegna mikillar eftirspurnar.

### **Oddný Anna Björnsdóttir**

Þarfagreining fyrir BFB

Takk fyrir að ráða mig í verkefnið og takk fyrir að fá að vera hér, Við val á viðmælendum, reyndi að hafa sem víðasta dreyfingu og fjölbreyttastar búgreinar.

Hugmynd, Fundir með Mast, Matís Icelandic lamb o.fl. Til að afla hemilda og fl. Fá sem besta mynd landinu eða bfb.

Þæling hvort hægt sé að sameina krafta og þjappa saman félögum, Hey, Opinn landbúnaður, og fl.

Flottar og velheppnaðar umbuðir skitpa höfuðmáli

Gæðamerki fél. Þarf að kynna það betur hvað það merkir þýðir og hvað ávinnst gæðamerki tryggir gæðin, lyftir vörunni í hærra flokk. Kanski eitthvað sem þarf að athuga betur, kynna betur meðal neytenda. Ekki logo heldur gæðamerki.

(gæðahandbókin er til en þarf að koma henni í netútgáfu til að hægt sé að nýta hana)

Skýrsluna má sjá í heild sinni á heimasíðu BFB.

5 skýrsla stjórnar

Þorgrímur tekur til máls. Þakkar Óla og Oddnýju. Les skýrslu stjórnar. Segir frá ferð til Ítalíu smakkaði skinku og fl. 2 ára og 5 ára skinka.

Nota samtaka máttinn til að spara kostnað og ná meiri árangri og e.t.v. eiga meiri möguleika á styrkjum eða fyrirgreiðslum.

Þakkað Guðmundi fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu félgsins og veitti honum viðurkenningu.

6 reikningar

Hanna fór yfir reikniga félagsins. Þarf að fara vel með þar sem styrkir hafa ekki borist eins og síðastliðin ár reyndar ekki í fyrra.

7 umræður um skýrslu formanns og reikninga

Reikningarnir samþykkti samhljóða.

8 kosningar aðalstjórnar og varastjórnar

Þorgrímur og Hanna ganga úr stjórn. Sölvi Arnarsson Efsta Dal og Petrína Þórunn Jónsdóttir nefnd , og orðum boðið að gefa kost á sér eða stinga upp á einhverjum fleiri. Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Varastjórn, Hafdís Sturlaugsdóttir og Anna Sævarsdóttir , Halldóra Agnarsdóttir Brjánslæk, gefa kost á sé í varastjórn. Samþykkt samhljóða með lófataki.

9 kosningar 2 skoðanarmanna

Sömu skoðunarmenn og áður.

Spurning... frá Jóa bóndanum á Brjánslæk ,hvort ekki þurfi að kjósa fulltrúa á búnaðarþing þar sem við erum nú aðilar að búnaðarþingi. Sennilega full aðild.. en við höfum ekki fengið formlega til kynningu um aðild. Þurfum að breyta hjá okkur í kjölfar þessa, þarf að skoða það fyri næsta fund. Verkefnið skilið eftir handa nýrri stjórn.

10 árgjald

Tillaga stjórnar að hækka árgjaldið úr 12.000 í 15.000. Þarf a leita leiða til að fá meiri tekjur , spá í hvar og hvert og hvernig.

Umræður meðal fundagesta 15.000,- krónuárgjald ekki mikið, þælinga að kasta þessarri spurningu inn á spjallhóp BFB á fésbókinni hvað félögum finnst. Gjöldunum mætti einnig skipta í fleiri en eina greiðslu yfir árið. Einnig mætti láta borga fyrir að vera á heimsíðunni t.d. 200 kr á mánuði sem er ekki mikið en telur samt. Einnig rætt um að hafa tvennslags félagsgjöld, fyrir þá sem eru að framleiða og þá sem eru í félaginu til að styrkja það.

Allir sammála um að okkur vanti starfsmann, og að efla þurfi starfsandann og gera félagið sýnilegra og virtara. Þó bent á að útvarpsauglýsingarnar hafa aukið heimsóknir á heimsíðuna. Í byrjun lögðu Bændasamtökin okkur til starfsmann og gæddi það félagið miklu lífi.

Hvað sýnileikann varðar verða félagsmennirnir að vera virkari og svara beiðnum fljótar, félagsmennirnir verða einnig að leggja sitt að mörkum.

Árgjöldin ein og saman halda ekki félaginu gangandi og er því nauðsynlegt að finna leiðir til að afla okkur tekna.

Tillaga frá Oddnýju, að ýta undir félagsaðild, gera framtíðarplan og kynna það, hafa eitthvað í höndunum til að ná betri samningum og fyrirgreiðslum s.s. styrkjum. Hafa það að markmiði að gera félagið sjálfbært. Þessu voru allir sammála.

15.000,- kr árgjald samþykkt og ennfremur að ný stjórn vinni þetta mál frekar.

11 önnur mál

Þorgrímur

Halla í Steinsólfsdal. Frændi hennar er að flytja sláturhús frá Grænlandi og langar að flytja það og koma fyrir helst á vesturlandi.

Elfa kveðja frá henni, enn til að vinna fyrir félagið og félagsmenn að sejta upp gæðahandbækur og fleira í þeim dúr.

Þakkaði fyrir sig, erfitt ár að baki, væri gott að hafa starfsmann og við sem erum í stjórninni erum líka í fullri vinnu þar fyrir utan. Þakkar sérstaklega Hönnu og Jóhönnu fyrir umburðalyndi í sinn garð.

Jóhanna þakkaði fyrir samstarfið við Hönnu og Þorgrím.

Bergsveinn (gestur), framl. og selur krækling og bláskel. Skelrækt, fyrirtæki, félag. (Skarfsmaður skiptir höguð máli, fær svolítið flassbak). Markaðssetur innan lagds og þeir eru bara 3 að framleiða en margir búnir að koma og fara. Selja allt innanlands og hugsa ekki annað, en markaðsmál brenna á þeim. Veltir fyrir sér hvort þeir eigi samleið með okkur. Fáir fyrir þessum vagni, mikill samhljómur með okkur og er ángæður með BFB, samtök sem eiga algjörlega á rétt á sér. Ráðstefnur með erlendum aðilum, með Háskólanum á Akureyri, mjög mikilvægt að opna augu samfélagsins að við séum til að og höfum tilverurétt.

??? passar skelfiskurinn með... nóg að búa á lögbýi og husga sér að framleiða á lögbýli. Hann er á lögbýli.

Petrían veltir fyrir sér local... ísland skilgreint sem eitt local .. Guðmundur svarar, þurfti fyrir matvælasamþykktina. ER hægt að skiljgreina local einhvernvegin á annan hátt. Matvælasamþykktin, það mátti ekki fara með vöruna lengra en 350 km, en barist fyrir þessu til að við gætum farið út um allt land að selja. Við þurfum að passa upp á þá sem eru að selja frá okkur, kokkar segja oft bara hvað þú vilt heyra.

Umræður um nærumhverfið og hverjir séu bestu kúnnarnir, okkar, grasið er alltaf grænna hinu megin. Sumum finnst vanta metnað í veitingageirann, hvað val á hráefni varðar, aðrir telja það vera að breytast og áhugi fyrir óhefðbundnu hráefni að aukast. Ferðamenn vilja sjá saunverulegan rekjanleika, þar draga veitingamenn vagninn, slow food, þar hefur Dominic látið til sím taka.

Umræða um hvað hægt sé að gera, þegar veitingamenn bjóða t.d. skyr frá Erpsstöðum en kaupa svo skyrið bara úti í búð. En á matseðlinum stendur annað. (bara dæmi) Getum við gert eitthvað til refsingar svona „brotum“ ?

Einnig spurnig hversu stór % af matseðlinum eða réttinum þurfi að vera BFB til að það megi nota BFB merkið til að hafa á matseðlinum.

Einnig spurnig hvernig eftirliti er háttað varðandi geldingar á sauðfé, geitfé og grísum. Svörin voru að það væri í höndum dýralækna að kalla eftir vottorði eða afriti af reikningum þegar að slátrun kæmi. Ef þeim þætti ástæða til.

Sýnileiki, hvað getum við gert, skrifa greinar í blöð, útvarpsauglýsingar (hjá sumum skiluðu þær athygli sem þorablótsgríni 😊).

Hnikkt á leyfismálum og mikilvægi þess að félagsmenn séu með sín mál í lagi, og að það sé aðhald. Mikilvægi þess að nota gæðamerkið og kynna fyrir félögum og utanaðkomandi hvað það merki. Uppruninn skiptir máli og sannar hver við erum. Spurnign hvort ekki sé hægt að gera gæðamerkinu hærra undir höfði að þeir sem eru með það getri flaggað því í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Sumum finnst vanta að hafa skilmerkilegra hvað við erum að fá fyrir árgjaldið og hvaða ávinning við höfum af því að vera í BFB, það þurfi að vera sýnilegra til að laða að nýja félagi.

Spurnig varðandi Landbúnaðsýniguna í Laugardalshöllinni í haust, fyrirspurn frá Jóhönnu hvort Geitfjárræktarfélagið fá að vera með BFB ef félagið fari með Og spurnign hvort við getum fundið fleiri félög til að draga vagninn.

Hanna býður fána BFB til kaups, og þakkar Jóhönnu samstarfið.

Fundi slitið.